

Orkugerðin ehf  
Heiðargerði 5  
801 Selfoss


Reykjavík, 21. september 2020  
UST202001-504/S.M.  
08.10.02

**Reglubundið fyrra eftirlit í Orkugerðina**

Þann 18. júní sl. fór fram reglubundið fyrra eftirlit í Orkugerðina. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en fjórar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Gottskálk Friðgeirsson

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Suðurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



Dags eftirlits	18.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5801697249	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en fjórar ábendingar voru gerðar er varða áætlun um viðhald mengunarvarnabúnaðar, hreinsun efna á lóð, giröingu og skýrslu um endurbætur og viðhald mengunarvarnabúnaðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið fyrra eftirlit í Orkugerðina og var umfang eftirlitsins eftifarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Hráefnageymslur og vörugeymslur (gr. 3.3)
- Frárennsli, þvottur og rotþrær (gr. 3.6, 3.7 og 3.8)
- Meðhöndlun úrgangs og spilliefna (gr. 3.9)
- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
- Kynning á verkferlum um aukaafurðir dýra skv. reglugerð nr. 674/2017
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir umfang starfseminnar og kynnti rekstraraðili starfsemi verksmiðjunnar. Taldi rekstraraðili að á síðasta ári hefði verið tekið á móti um 4700 tonnum af hráefni. Fram kom að til stæði að skipta út sjóðurum í verksmiðjunni og nýir hefðu verið pantaðir, seinkun hefði hinsvegar orðið á afhendingu vegna covid-19 faraldursins. Eins eigi að fara í frekara viðhald í vinnlusalanum eftir þörfum og þá sé unnið að því að koma upp viðhaldsáætlun vegna fyrirbyggjandi viðhalds í verksmiðjunni.

Farið var yfir ákvæði um hráefnageymslur og vörugeymslur en hráefni skal geyma í yfirbyggðum geymslugum eða lokuðum geymum. Við eftirlit var ekki sjáanlegt hráefni utandyra en fram kom að eitthvað væri af fitu í góðum sunnan við verksmiðjuna og í geymum aftan við hana en mest af fitunni hefði þó verið seld úr landi.

Frárennsli starfsmannaaðstöðu er aðskilið frárennsli frá verksmiðjunni. Norðvestan við verksmiðjuhús eru fitugildrur. Ekki var vart við frárennsli við yfirborð jarðvegs.

Rætt var um meðhöndlun úrgangs og spilliefna. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er notað mjög lítið af spilliefnum í verksmiðjunni og það sem til er er geymt á staðnum. Úrgangur s.s. timbur er geymt í góðum á lóðinni.

Engin frávik komu fram við eftirlit 2019 en útistandandi voru frávik frá 2018 er varða geymslu á hráefnum utandyra og mælingar á olíumannvirkjum (þykktarmælingar geymis og þrýstiprófanir á olíufylltri lögn) sbr. kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Við eftirlit nú voru staðfestar úrbætur vegna fyrri fráviksins en eftir stendur frávik vegna mælinga á olíumannvirkjum.

Kynnt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu fyrirteikja undir eftirlit stofnunarinnar. Áhættumat ársins 2019 ákvarðar tíðni eftirlitsferða 2020 og felli Orkugerðin í eftirlitsflokk A sem gerir tvö eftirlit árið 2020. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Kynnt var reglugerð (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. og rg. nr. 674/2017.

Farið var í skoðunarferð um svæðið. Kæligámur stóð sunnan við verksmiðjuhúsið, gámurinn er á malarundirlagi og lak dálítið af grænlituðu vatni frá elementi í gámunum, mögulega koparútfellingar. Rekstraraðila er bent á að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að efni leki ofan í jarðveginn. Miðað við myndir frá fyrri eftirlitum hefur nokkur árangur

náðst í tiltekt á athafnasvæði rekstraraðila. Umgengni við olíugeymi norðaustan við verksmiðjuhús er ábóavant. Nokkuð af fitu er í jarðvegi við geyminn og hefur hún ekki verið hreinsuð upp ef litið er á myndir frá fyri eftirlitum. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er dúkur undir jarðveginum við geyminn en til stendur að moka upp efninu. Rekstraraðila er bent á að fara sem fyrst í að hreinsa í kringum geyminn og finna leiðir til að koma í veg fyrir leka frá honum og halda svæði umhverfis hann snyrtilegu.

## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að skv. gr. 3.12 í starfsleyfi skal vera til staðar áætlun um viðhaldsþörf, endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald á mengunarvarnabúnaði. Áætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila sem mun fylgja því eftir í næsta eftirliti.
2. Rekstraraðila er bent á að grípa til aðgerða til að varna leka frá kæligámi sunnan verksmiðjuhúss.
3. Rekstraraðila er bent á að í 2. mgr. gr. 2.4 í starfsleyfi er ákvæði um að girða skuli af athafnasvæði fyrir 1. september 2020. Girðing verður tekin út í seinna eftirliti 2020.
4. Rekstraraðila er bent á að í gr. 4.4 í starfsleyfi er kveðið á um að fyrir 1. maí 2121 skuli rekstraraðili skila sérstakri skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem gefa skal yfirlit yfir endurbætur á búnaði verksmiðjunnar á síðustu árum og getu hennar til að takmarka og/eða draga úr mengun.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heiðuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.09.2020

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir